

## „Blandaður kokkteill“ á Kjarvalsstöðum um helgina



■ Þau voru ekki í sólbaði á verönd sumarbústaðarins sem verður fyrir utan Kjarvalsstaði um helgina. Þau voru bara beðin um að tylla sér þarna örstutta stund meðan Ari ljósmyndari NT tæki myndir af þessum ágætu forsvarsmönnum iðnsýningar Rangæinga. Sumarbústaðurinn er hluti af þeirri sýningu.

■ Á iðnsýningu Rangæinga á Kjarvalsstöðum um helgina verða barir, sumarhús og súrheystætarar. – Og ekki bara það. Rangæingar verða þar með sýnishorn af allri sinni framleiðslu; húsgögn, Pykkvabæjarfranskar, gler, listmuni, þakrennur, verkfæraskápa, fatnað og margt fleira. „Það verður blandaður kokkteill í húsinu,“ eins og Árni Johnsen alþingis-

maður og hvatamaður að sýningunni komst að orði.

Sýningin stendur í þrjú daga; hefst á föstudag klukkan þrjú og lýkur á sunnudagskvöld. Aðgangur að henni er ókeypis. Við opnunina syngur m.a. barnakór Rangæinga, bændur úr sýslunni spila á harmoníku og óvæntir gestir koma í heimsókn.

Fyrirtæki í Rangárvallasýslu sameinuðust um að slá upp þessari sýningu til að kynna þá

framleiðslu sem á sér stað í sýslunni, til þess að auglýsa fyrirtækin þar og auðvelda sölu þeirra á framleiðslu sinni á innlendum markaði. Og ekki síst: Til að komast nær viðskiptavinunum í Reykjavík.

Rangárvallasýsla hefur einkum verið þekkt fyrir landbúnað en á síðustu árum hefur iðnaðarframleiðsla þar aukist mikið og nú hafa hátt í 500 mannsatvinnu af henni.



# AXEL ER MÆTTUR TIL LEIKS

## Nýr Citroën fyrir 270.000.- krónur\*


**Axel**, yngsti meðlimur Citroën fjölskyldunnar er mættur til leiks á smábílamarkaðinn. Þar með gefst enn fleirum kostur á því að eignast Citroën á verði sem allir geta ráðið við.

### ALVÖRU BÍLL FYRIR 270.000.- KRÓNUR

Á þessu verði skipar **Axel** sér á bekk með ódýrustu bílum á Íslandi. Hann ber þess þó engin merki því vel hefur verið til hans vandað og Citroën gæðin eru alltaf jafn áreiðanleg.

### EINSTAKIR AKTURSEIGINLEIKAR

**Axel** er framhjóladrifinn með sjálfstæðri fjöðrun á öllum hjólum, sem gefur hefðbundinni Citroën vökva fjöðrun lítið eftir. Hann liggur því vel á vegi, gripið er óvenju gott og fyrir vikið reynist hann sérlega vel á malarvegum og í vetrarfærð.



Stýrið er lipurt, stjórnþæki eru vel staðsett og sætin afar þægileg.

### STERKUR OG ÖRUGGUR

Af smábíl að vera er **Axel** einstaklega sterkbyggður og traustvekjandi. Sérstaklega ber að geta yfirbyggingarinnar sem veitir þér og farþegum þínum mikið öryggi. Í bílnum eru diskabremsur á öllum hjólum, sem er óvenjulegt fyrir bíl í þessum stærðarflokki en ótvírætt öryggisatriði. Aðstaða ökumanns er einnig afbragðsgóð. Hann situr hátt og

hefur góða yfirsýn yfir veginn framundan og öll stjórnþækin.

### STÓRT FARANGURSRÝMI

Farangursrými **Axels** er tæpir 300 lítrar. Auðvelt er að ferma og afferma hann í gegnum stórar afturdyr sem opnast vel. Með því að leggja niður aftursætið tvöfaldast rýmið í **600 lítra**.

### BÍLASÝNING

Við verðum með **Axel** til sýnis og reynsluaksturs í Lág múla 5 á milli kl. 14 og 17 í dag. Það er vel til fundið að koma og sannreyna kosti **Axels** af eigin raun.

Alvöru bíll fyrir kr. 270.000.-, skráður, ryðvarinn og stúttfullur af bensíni – betri kostur finnst varla.



**Globus** LÁGMÚLA 5, SÍMI 81555

\* Miðað við gengi 15.6. '85.